# Dómar Félagsdóms
# 1984-1992 - Registur

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Í útgáfu 1.1 var OCR endurunnið og textinn er beinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# DÓMAR FÉLAGSDÓMS

## REGISTUR

IX. BINDI
1984–1992

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK - 1995

PRENTSMIÐJAN ODDI HF.

## Félagsdómur, Dómarar og verksvið

Í VIII. bindi Dóma Félagsdóms er greint frá þeim dómendum, sem skipaðir voru til þriggja ára frá 1. október 1983.

Frá 14. apríl 1986 var Ólafur St. Sigurðsson, sparisjóðsstjóri, skipaður forseti dómsins og varamaður hans Garðar Gíslason, borgardómari.

Frá 1. október 1986 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:

Skipaðir af Hæstarétti:

Garðar Gíslason, borgardómari, forseti dómsins,
Björn Helgason, hæstaréttarritari.
Varamenn:
Ólafur St. Sigurðsson, sparisjóðsstjóri, varaforseti dómsins,
Auður Þorbergsdóttir, borgardómari.

Skipaðir af félagsmálaráðherra:

Jónas Gústavsson, borgarfógeti.
Varamaður:
Ingibjörg Benediktsdóttir, sakadómari.

Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:

Gunnar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður.
Varamaður:
Hafsteinn Baldvinsson, hæstaréttarlögmaður.

Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:

Jón Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Viðar Már Matthíasson, héraðsdómslögmaður.

Dómarar skipaðir samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1973:

Af fjármálaráðherra:

Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri.
Til vara:
Indriði Þorláksson, skrifstofustjóri.

Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:

Sigurfinnur Sigurðsson, fulltrúi.

Til vara:

Sigurveig Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur.

Af Bandalagi háskólamanna:

Tilnefning virðist ekki hafa farið fram fyrir þetta tímabil.

Dómarar skipaðir samkvæmt 27. gr. laga nr. 94/1986:

Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja frá 2. mars 1987:

Sigurveig Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur.

Til vara:

Eiríkur Helgason, skrifstofumaður.

Af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna:

Allan Vagn Magnússon, héraðsdómari.

Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:

Af Landssambandi iðnaðarmanna:

Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari,
Garðar Erlendsson, blikksmíðameistari,
Hannes Vigfússon, rafverktaki,
Ásgrímur P. Lúðvíksson, húsgagnabólstrarameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Gissur Símonarson, húsasmíðameistari.

Varamenn:

Ólafur Jónsson, málarameistari,
Kristinn Sæmundsson, vélvirkjameistari,
Þórmundur Sigurbjarnarson, rafeindavirkjameistari,
Karl Maack, húsgagnasmíðameistari,
Axel Eiríksson, úrsmíðameistari,
Guðmundur J. Kristjánsson, veggfóðrarameistari.

Af Félagi íslenskra iðnrekenda:

Eggert Hauksson, Plastprent h/f,
Ásgeir Guðmundsson, Á. Guðmundsson h/f,
Birgir Bjarnason, Dúkur h/f,
Anton Bjarnason, Glerborg h/f,
Gunnar J. Friðriksson, Ásgarður h/f,
Kristinn Guðjónsson, Stálumbúðir h/f.

Varamenn:

Ásgeir Einarsson, Sindra-Stál h/f,
Gunnar Björnsson, Sápugerðin Frigg h/f,
Elmar Þ. Jensen, Sjóklæðagerðin h/f,
Ágúst Einarsson, Lýsi h/f,
Gunnar Svavarsson, Hampiðjan h/f,

Stefán Guðjohnsen, Málning h/f.

Af hálfu Iðnsveinaráðs Íslands:

Grétar Þorsteinsson, húsasmiður,
Magnús E. Sigurðsson, prentari,
Árni Hjörleifsson, rafvirki,
Tryggvi Benediktsson, járnsmiður,
Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri,
Guðmundur Þ. Jónsson, Kríuhólum 2.

Varamenn:

Bolli A. Ólafsson, húsgagnasmiður,
Halldór Björnsson, Furugrund 62, Kópavogi,
Ásmundur Hilmarsson, húsasmiður,
Helgi Arnlaugsson, skipasmiður,
Helgi Steinar Karlsson, múrari,
Bjarni Jakobsson, Ásbúð 13, Garðabæ.

Frá 1. október 1989 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:

Skipaðir af Hæstarétti:

Garðar Gíslason, borgardómari, forseti dómsins,
Björn Helgason, saksóknari.

Varamenn:

Auður Þorbergsdóttir, borgardómari, varaforseti dómsins,
Erla Jónsdóttir, hæstaréttarritari.

Skipaðir af félagsmálaráðherra:

Ingibjörg Benediktsdóttir, sakadómari.

Varamaður:

Gylfi Knudsen, héraðsdómslögmaður.

Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:

Gunnar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður.

Varamaður:

Valgeir Pálsson, héraðsdómslögmaður.

Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:

Jón Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður.

Varamaður:

Viðar Már Matthíasson, hæstaréttarlögmaður.

Dómarar skipaðir samkvæmt 27. gr. laga nr. 94/1986:

Af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna:

Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri.

Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:

Sigurveig Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur.

Til vara:

Eiríkur Helgason, skrifstofumaður.

Af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Freyr Ófeygsson, héraðsdómari.

Af fjármálaráðuneytinu:

Ragnar Hall, borgarfógeti.

Til vara:

Valtýr Sigurðsson, borgarfógeti.

Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:

Af Landssambandi iðnaðarmanna:

Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari,
Garðar Erlendsson, blikksmíðameistari,
Ágúst Einarsson, rafverktaki,
Björn R. Lárusson, húsgagnasmíðameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Friðrik Andrésson, múrarameistari.

Varamenn:

Ingvar Guðmundsson, málarameistari,
Sigurður Daníelsson, framkvæmdastjóri,
Þórmundur Sigurbjarnarson, rafeindavirkjameistari,
Loftur Þór Pétursson, húsgagnabólstrarameistari,
Axel Eiríksson, úrsmíðameistari,
Guðmundur J. Kristjánsson, veggfóðrarameistari.

Frá 1. október 1992 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:

Skipaðir af Hæstarétti:

Auður Þorbergsdóttir, héraðsdómari, forseti dómsins,
Björn Helgason, saksóknari.

Varamenn:

Jónas Gústavsson, héraðsdómari, varaforseti dómsins,
Erla Jónsdóttir, hæstaréttarritari.

Skipaðir af félagsmálaráðherra:

Ingibjörg Benediktsdóttir, héraðsdómari.

Varamaður:

Gylfi Knudsen, héraðsdómslögmaður.

Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:

Gunnar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður.

Varamaður:

Valgeir Pálsson, héraðsdómslögmaður.

Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:

Jón Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður.

Varamaður:

Gunnar Sæmundsson, hæstaréttarlögmaður.

Dómarar skipaðir samkvæmt 27. gr. laga nr. 94/1986:

Af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna:

Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri.

Til vara:

Allan Vagn Magnússon, héraðsdómari.

Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:

Eiríkur Helgason, skrifstofumaður.

Af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Gísli Gíslason, bæjarstjóri.

Til vara:

Jón Kr. Sólnes, hæstaréttarlögmaður.

Af fjármálaráðuneytinu:

Guðmundur Skaftason, hæstaréttarlögmaður.

Af hálfu Landssambands Iðnaðarmanna:

Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari,
Garðar Erlendsson, blikksmíðameistari,
Ágúst Einarsson, rafverktaki,
Björn R. Lárusson, húsgagnasmíðameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Friðrik Andrésson, múrarameistari.

Varamenn:

Ingvar Á. Guðmundsson, málarameistari,
Torfi Guðmundsson, framkvæmdastjóri,
Þórmundur Sigurbjarnarson, rafeindavirkjameistari,
Loftur Þór Pétursson, húsgagnabólstrarameistari,
Axel Eiríksson, úrsmíðameistari,
Guðmundur Kristjánsson, veggfóðrarameistari.

# Registur

## I. Nafnaskrá

Akureyrarbær .......... 280
Alþýðusamband Íslands .......... 1, 14, 23, 102, 110, 115, 122, 143, 144, 191, 231, 253, 269, 307, 314, 320, 329, 544, 567
Alþýðusamband Vestfjarða .......... 307
Arnarflug h/f .......... 168
Ágúst Victorsson .......... 231
Árvakur h/f .......... 88
Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna .......... 333, 485, 494, 506
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja .......... 7, 35, 52, 58, 64, 75
Bifreiðastjórafélagið Ökuþór .......... 191
Bíliðnafélagið .......... 567
Blaðamannafélag Íslands .......... 88, 95
Borgarneshreppur .......... 58
Dvalarheimilið Lundur .......... 314
Dýralæknafélag Íslands .......... 333
Eimskipafélag Íslands h/f .......... 110, 115, 144
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands .......... 133, 152, 209, 300, 392, 463
Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar h/f .......... 1
Félag bókargerðarmanna .......... 162, 398
Félag framleiðslumanna .......... 14
Félag háskólakennara .......... 406, 416, 427
Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga .......... 485, 506
Félag íslenska prentiðnaðarins .......... 88, 162, 398
Félag íslenskra atvinnuflugmanna .......... 168, 450, 456, 467
Félag íslenskra ferðaskrifstofa .......... 1
Félag íslenskra flugumferðarstjóra .......... 173
Félag íslenskra náttúrufræðinga .......... 333, 365, 406, 416, 427, 485, 494, 506, 538
Félag járniðnaðarmanna .......... 567
Félag leiðsögumanna .......... 1
Félag matreiðslumanna .......... 102
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri .......... 544

Félag rafeindavirkja ........ 231
Félag ráðgjafarverkfræðinga ........ 182
Félag viðskipta- og hagfræðinga ........ 333
Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 7, 35, 122, 133, 152, 173, 200, 218, 224, 231, 333, 365, 406, 411, 416, 427, 445, 485, 494, 528, 538, 563
Flugfreyjufélag Íslands ........ 253
Flugleiðir h/f ........ 253, 450, 456, 467
Fóstrufélag Íslands ........ 506, 554
Friðrik Haraldsson ........ 1
Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis ........ 287
Gunnar Guðjónsson s/f ........ 463
Hafnarfjarðarbær ........ 554
Hagkaup h/f, Njarðvík ........ 320
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands ........ 439
Helgi Bergmann Sigurðsson ........ 52
Hið íslenska kennarafélag ........ 200, 224, 528
Hilmar Bernburg ........ 162
Hitaveita Suðurnesja ........ 23, 143
Hjúkrunarfélag Íslands ........ 244, 485, 506
Iðjuþjálfafélag Íslands ........ 506
Ísafoldarprentsmiðja h/f ........ 162
Íslandsbanki h/f ........ 474
Íslenska álfélagið h/f ........ 102, 567
ÍSNÓ h/f ........ 269
Jóhanna Oddsdóttir ........ 445
Jöklar h/f ........ 144
Kennarasamband Íslands ........ 7, 35, 218
Kjarafélag arkitekta ........ 506
Kjarafélag tæknifræðinga ........ 506
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga ........ 485, 494
Landhelgisgæsla Íslands ........ 133, 152
Landssamband íslenskra útvegsmanna ........ 392
Landssamband íslenskra verslunarmanna ........ 320, 567
Landssamband lögreglumanna ........ 411
Landsvirkjun ........ 300
Launanefnd sveitarfélaga ........ 554
Ljósmæðrafélag Íslands ........ 506
Læknafélag Íslands ........ 333, 439
Málm- og skipasmiðasamband Íslands ........ 544, 567
Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði ........ 544

Meinatæknafélag Íslands ........ 485, 506
Mjólkurbú Flóamanna ........ 191
Nes h/f ........ 144
Nesskip h/f ........ 144
Nútíminn h/f ........ 95
Patrekur h/f ........ 307
Póst- og símamálastofnun ........ 231
Rafiðnaðarsamband Íslands ........ 231
Reykjavíkurborg ........ 64, 75, 244, 506, 521
Röntgentæknafélag Íslands ........ 485, 506
Samband íslenskra bankamanna ........ 474
Samband veitinga- og gistihúsa ........ 14
Samtök stundakennara við Háskóla Íslands ........ 406, 416, 427
Sálfræðingafélag Íslands ........ 506
Selfosskaupstaður ........ 52
Siglufjarðarkaupstaður ........ 329
Sjóleiðir h/f ........ 144
Sjómannafélag Reykjavíkur ........ 144
Sjómannasamband Íslands ........ 23, 143, 144
Sjúkraliðafélag Íslands ........ 506, 563
Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga ........ 209
Skipafélagið Vík h/f ........ 144
Skipaútgerð ríkisins ........ 144
Skipstjórafélag Íslands ........ 133, 152
Skipstjórafélag Norðlendinga ........ 392
Slippstöðin h/f ........ 544
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar ........ 64, 75, 506, 521
Starfsmannafélag ríkisstofnana ........ 445
Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar ........ 52
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa ........ 485
Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu ........ 333, 494, 506
Stéttarfélag sjúkraþjálfara ........ 45
Stéttarfélag verkfræðinga ........ 182, 333, 506
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra ........ 45
Stýrimannafélag Íslands ........ 209, 463
Sveinafélag rafeindavirkja ........ 122
Útgarður, félag háskólamanna ........ 485
Útvegsmannafélag Norðlendinga ........ 392
Útvegsmannafélag Vestfjarða ........ 307
Veitingahúsið Álfabakka 8 h/f ........ 14

Verkalýðsfélag Patreksfjarðar ........ 307
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja ........ 269
Verkalýðsfélagið Rangæingur ........ 314
Verkalýðsfélagið Vaka ........ 329
Verkamannafélagið Dagsbrún ........ 110, 115
Verkamannafélagið Hlíf ........ 29, 567
Verkamannasamband Íslands ........ 29, 269, 314, 329, 567
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h/f ........ 182
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar ........ 567
Verslunarmannafélag Suðurnesja ........ 320
Vestri h/f ........ 307
Vélstjórafélag Íslands ........ 143
Vélstjórafélag Suðurnesja ........ 23
Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja ........ 269
Vinnuveitendasamband Íslands 14, 29, 88, 102, 110, 115, 144, 162, 191, 253, 269, 320, 398, 450, 456, 463, 467, 544, 567
Örn Ólafsson ........ 14

## II. Skrá
## yfir lög, reglugerðir, samþykktir o.fl., sem vitnað er til í IX. bindi Dóma Félagsdóms.


1905, nr. 19, 20. október. Lög um byggingarsamþykktir.
- 55.
1915, nr. 33, 3. nóvember. Lög um verkfall opinberra starfsmanna.
- 56, 124, 126, 129, 173, 176.
1921, nr. 53, 27. júní. Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.
4. gr. - 216.
1933, nr. 30, 19. júní. Lög um sjúkrahús ofl.
9. gr. - 357.
1936, nr. 7, 1. febrúar. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
6. gr. - 34.
1936, nr. 85, 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
- 409.
46. gr. - 419, 430.
52. gr. - 288.
67. gr. - 68, 70, 72, 112, 113, 451, 452.
88. gr. - 451, 455.
105. gr. - 451.
108. gr. - 111, 451.
120. gr. - 143.
177. gr. - 208, 497.
180. gr. - 74.
1938, nr. 80, 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 45, 46, 47, 49, 50, 51, 112, 127, 128, 132, 145, 149, 185, 188, 196, 269, 277, 298, 321, 327, 425, 437, 444, 473, 547, 558, 571, 576.
I. kafli - 318, 327.
II. kafli - 93, 119, 147, 148, 151, 272, 277, 327, 451, 470.
IV. kafli - 409.
1. gr. - 48, 127, 130.
2. gr. - 51, 127, 439, 440, 441, 444.

5. gr. - 32, 33, 49, 123, 126, 185, 197.
6. gr. - 26, 73, 527.
7. gr. - 26, 404, 423.
8. gr. - 118, 150, 257, 259, 272.
9. gr. - 330, 331, 404.
10. gr. - 404.
11. gr. - 314, 315, 317, 318, 319, 329, 330, 333, 404.
14. gr. - 94, 98, 99, 100, 107, 112, 119, 149, 151, 276, 277, 450, 468.
15. gr. - 147, 149, 468.
16. gr. - 61, 62, 147, 149, 468.
17. gr. - 119, 121, 273, 276, 450, 468.
18. gr. - 187.
39. gr. - 409.
42. gr. - 410.
44. gr. - 4, 10, 21, 22, 106, 112, 113, 125, 140, 149, 150, 167, 195, 257, 272, 273, 276, 322, 327, 392, 393, 396, 397, 400, 405, 452, 455, 469, 546, 569.
45. gr. - 26, 441, 550.
48. gr. - 409.
50. gr. - 113, 451.
53. gr. - 327, 405, 462.
56. gr. - 143.
63. gr. - 550.
65. gr. - 1, 4, 6, 7, 190, 273, 455, 550.
67. gr. - 13, 74, 114, 299, 452, 527, 564.
69. gr. - 68, 143, 288, 409, 451, 455, 497, 550.
70. gr. - 273, 314.

1941, nr. 55, 27. júní. Lög um afla- og útgerðarskýrslur.
- 355.

1943, nr. 64, 16. desember. Lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.
2. gr. - 181, 514, 517, 518, 520, 521.

1944, nr. 33, 17. júní. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
69. gr. - 439, 440, 444.
73. gr. - 130.

1945, nr. 137, 30. júlí. Reglugerð um starfstíma og starf póstmanna á pósthúsinu í Reykjavík.
1. gr. - 41.

1947, nr. 11, 28. febrúar. Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði.
- 345.

1954, nr. 38, 14. apríl. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 43, 125, 126, 127, 128, 130, 131, 281, 282, 283, 284, 286, 291, 293, 296, 492.

1. gr. – 293.
19. gr. – 298, 425.
20. gr. – 70.
28. gr. – 9, 39.
29. gr. – 9, 10, 39, 40, 71, 298, 334, 335, 336, 337, 338, 339, 340, 341, 342, 344, 345, 346, 348, 350, 351, 352, 353, 354, 355, 356, 358, 359, 360, 361, 362, 363, 425, 495, 496, 497, 498, 499, 500, 501, 503, 504.
31. gr. – 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 35, 36, 40, 41, 42, 43, 44, 283, 285, 286.
34. gr. – 436, 533.

1955, nr. 3, 6. mars. Lög um skógrækt.
4. gr. – 340, 352, 362.

1956, nr. 23, 10. mars. Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.
4. gr. – 353.
5. gr. – 353.

1956, nr. 54, 9. apríl. Lög um breyting á lögum nr. 53/1921 um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpungum.
– 216.

1958, nr. 16, 9. apríl. Lög um rétt verkafólks til uppsagnar frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
– 91, 92.
2. gr. – 92

1958, nr. 143, 21. október. Reglugerð um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.
– 41.

1959, nr. 52, 14. ágúst. Lög um kosningar til Alþingis.
– 222, 229.

1961, nr. 58, 29. mars. Sveitarstjórnarlög.
1. gr. – 69.

1962, nr. 55, 28. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
– 11, 41, 127, 434.
4. gr. – 41.
5. gr. – 41.
6. gr. – 41.
25. gr. – 11.

1963, nr. 29, 29. apríl. Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
– 297
3. gr. – 292, 293.
4. gr. – 292, 294.

1963, nr. 53, 20. apríl. Lög um veitingasölu og gististaðahald ofl.
– 19.

1964, nr. 19, 21. maí. Skipulagslög.
- 56.
1965, nr. 64, 21. maí. Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
13. gr. - 498, 498, 501.
14. gr. - 498, 501.
29. gr. - 501.
37. gr. - 497, 504
1967, nr. 25, 22. apríl. Lög um Landhelgisgæslu Íslands.
9. gr. - 157, 159.
10. gr. - 154, 158, 161.
11. gr. - 157, 158, 159.
1968, nr. 114, 10. apríl. Reglugerð um stjórn og verksvið Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.
- 340, 353, 362.
3. gr. - 353.
7. gr. - 353.
8. gr. - 353.
1968, nr. 229, 23. ágúst. Reglugerð um þjóðgarðinn í Skaftafelli í Öræfum.
- 351.
1969, nr. 52, 19. maí. Þjóðminjalög.
8. gr. - 349.
1969, nr. 72, 28. maí. Lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
- 394.
1971, nr. 47, 16. apríl. Lög um náttúruvernd.
6. gr. - 339.
25. gr. - 351.
1972, nr. 56, 29. maí. Lög um lögreglumenn.
- 412.
1972, nr. 70, 29. maí. Lög um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- 345.
1973, nr. 46, 25. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 11, 49, 127, 288, 540.
1. gr. - 123.
1973, nr. 75, 21. júní. Lög um Hæstarétt Íslands.
6. gr. - 409.
1974, nr. 9, 14. mars. Lög um starfskjör launþega o.fl.
- 187.
1974, nr. 55, 21. maí. Lög um skólakerfi.
4. gr. - 535.
1974, nr. 63, 21. maí. Lög um grunnskóla.

IX. kafli - 295.
9. gr. - 289.
10. gr. - 290.
12. gr. - 290.
13. gr. - 294.
14. gr. - 290, 294.
15. gr. - 294, 297.
66. gr. - 295.
68. gr. - 290, 295.
69. gr. - 295.
85. gr. - 290, 295.
1974, nr. 107, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
- 497, 504.
1974, nr. 233, 11. júlí. Reglugerð um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.
- 361.
2. gr. - 338, 348.
3. gr. - 348.
5. gr. - 348.
1976, nr. 29, 26. maí. Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
- 49, 63, 70, 71, 124, 126, 127, 128, 132, 173, 540, 564.
III. kafli - 84.
VII. kafli - 74.
14. gr. - 91, 99.
18. gr. - 56.
19. gr. - 61, 84.
21. gr. - 61, 83.
22. gr. - 83, 84.
23. gr. - 83.
24. gr. - 226.
32. gr. - 68.
34. gr. - 10, 11, 12, 13, 68, 69, 74.
41. gr. - 57, 62, 70, 71, 74.
1976, nr. 31, 26. maí. Lög um breyting á lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 351, 501.
1976, nr. 40, 23. maí. Lög um sálfræðinga.
- 288.
1976, nr. 62, 11. mars. Reglugerð um Reiknistofnun Háskólans.

2. gr. – 348.
3. gr. – 348
1976, nr. 182, 27. apríl. Reglugerð um störf fræðslustjóra.
– 290
VIII. kafli – 295.
44. gr. – 291.
1976, nr. 183, 27. apríl. Reglugerð um fræðsluráð.
– 290.
1976, nr. 236, 9. júní. Reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
– 49, 55, 57, 59, 70, 71.
VII. kafli – 67.
4. gr. – 59.
14. gr. – 80, 85, 87.
19. gr. – 59, 61, 62, 63.
21. gr. – 61, 62.
22. gr. – 62.
26. gr. – 56, 65.
27. gr. – 53, 54, 55, 56, 57, 61, 63.
32. gr. – 57, 68, 69, 71, 74.
34. gr. – 67.
41. gr. – 67.
42. gr. – 67.
46. gr. – 76.
1977, nr. 34, 12. maí. Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.
– 477.
1977, nr. 43, 16. maí. Lög um skylduskil til safna.
10. gr. – 348.
1977, nr. 404, 8. nóvember. Reglugerð um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.
– 338, 361.
2. gr. – 349.
4. gr. – 349.
1978, nr. 33, 16. maí. Lög um sáttastörf í vinnudeilum.
4. gr. – 549, 551.
8. gr. – 548.
9. gr. – 558.
1978, nr. 42, 18. maí. Iðnaðarlög.
– 19.
8. gr. – 19.
1978, nr. 54, 16. maí. Byggingarlög.

- 54, 57.
III. kafli - 54.
IV. kafli - 56.
VI. kafli - 54, 55, 56.
20. gr. - 54.
1979, nr. 19, 1. maí. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
- 91, 92, 165, 166, 167, 577.
1. gr. - 166.
3. gr. - 91, 92, 93, 94, 100.
1979, nr. 56, 30. maí. Lög um dómvexti.
- 1.
1979, nr. 77, 10. september. Lög um Háskóla Íslands.
7. gr. - 347, 348.
9. gr. - 347.
36. gr. - 337, 347, 348, 360.
1979, nr. 78, 22. ágúst. Auglýsing um reglugerð fyrir Háskóla Íslands.
64. gr. - 348.
65. gr. - 348.
1979, nr. 271, 6. júní. Reglugerð um Orðabók Háskólans.
- 361.
1. gr. - 349
3. gr. - 349.
4. gr. - 349.
1979, nr. 292, 16. maí. Byggingarreglugerð.
- 54, 57.
II. kafli - 57.
1980, nr. 21, 8. janúar. Reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.
- 291, 296, 297.
7. gr. - 295.
10. gr. - 291, 293.
1980, nr. 55, 9. júní. Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- 273, 480.
1. gr. - 26, 187, 404, 423, 425, 531, 547.
1981, nr. 50, 29. maí. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
- 355.
1981, nr. 558, 25. ágúst. Reglugerð um iðnfræðslu.
- 123, 127.
6. gr. - 19.
1983, nr. 59, 1. júní. Lög um heilbrigðisþjónustu.

19. gr. - 248.
23. gr. - 356.
24. gr. - 356, 442.
29. gr. - 356.
30. gr. - 356.
1984, nr. 80, 30. maí. Lög um Íslenska málnefnd.
- 345
1984, nr. 319, 27. júní. Reglugerð um þjóðgarð í Skaftafelli.
- 339, 361.
3. gr. - 351.
5. gr. - 351.
1985, nr. 8, 30. apríl. Breyting á lögum nr. 77/1979 um Háskóla Íslands.
- 347.
56. gr. - 337.
1985, nr. 34, 19. júní. Siglingalög.
13. gr. - 215.
1985, nr. 35, 19. júní. Sjómannalög.
- 147, 148, 149, 150.
49. gr. - 215.
59. gr. - 148.
1985, nr. 43, 4. júní. Lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins.
- 342.
1. gr. - 355.
6. gr. - 355.
12. gr. - 355.
1985, nr. 60, 14. janúar. Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.
- 512.
1985, nr. 62, 15. maí. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 125, 126, 127, 128, 131, 173, 288.
1. gr. - 127, 128, 131, 132.
3. gr. - 126.
4. gr. - 124, 126.
1985, nr. 65, 29. júní. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
13. gr. - 346.
1986, nr. 8, 18. apríl. Sveitarstjórnarlög.
10. gr. - 512.
73. gr. - 282, 283, 285.
1986, nr. 24, 7. maí. Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
- 394.

1986, nr. 28, 9. maí. Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum.
- 145, 147, 148, 150, 153, 155, 158, 160, 161.
1. gr. - 146.
2. gr. - 146, 147.
3. gr. - 146.
4. gr. - 146, 148, 149, 151.
7. gr. - 146.
8. gr. - 146.

1986, nr. 90, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 334, 335, 336, 344, 345, 346, 351, 495, 496, 500, 501.
1. gr. - 335, 346, 351, 360, 503.

1986, nr. 92, 31. desember. Lög um Kjaradóm.
- 550.

1986, nr. 94, 31. desember. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 173, 178, 181, 222, 284, 288, 294, 297, 299, 334, 335, 336, 346, 360, 422, 424, 429, 503, 515, 516, 517, 540, 541, 555, 556, 557, 558, 563, 564, 565.
III. kafli - 557.
IV. kafli - 410, 564.
1. gr. - 434, 437.
2. gr. - 289, 295, 344, 354, 418.
3. gr. - 289, 293, 295, 299, 418, 429, 512, 559, 560, 561.
4. gr. - 423, 424, 433, 434, 437.
5. gr. - 289, 418, 423, 429, 434, 435, 437.
6. gr. - 423.
8. gr. - 293.
10. gr. - 492, 526, 527.
12. gr. - 522, 523, 538, 539, 541, 542, 543.
14. gr. - 176, 219, 492, 513.
15. gr. - 176, 180, 181, 219, 220, 221, 222, 225, 226, 227, 229, 230, 292.
16. gr. - 225, 297.
19. gr. - 174, 175, 176, 177, 178, 180, 181, 335, 336, 345, 347, 354, 355, 485, 486, 487, 488, 489, 490, 491, 492, 493, 496, 497, 507, 513, 514, 516, 517, 519, 520, 521.
20. gr. - 180, 489, 490.
21. gr. - 180, 489, 490.
23. gr. - 559, 560, 562.

24. gr. - 226, 282, 531, 534, 536.
26. gr. - 222, 229, 282, 288, 297, 298, 299, 366, 389, 409, 424, 425, 426, 441, 525, 526, 527, 529, 538, 561, 563, 564, 565, 566.
27. gr. - 201, 225, 282, 287, 366, 409, 410, 441.
1986, nr. 494, 3. desember. Reglugerð um hafnamál.
- 464.
1987, nr. 19, 24. mars. Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
6. gr. - 396.
1987, nr. 20, 26. mars. Lög um sjómannadag.
- 216.
1987, nr. 21, 24. mars. Lög um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
- 394.
1987, nr. 25, 27. mars. Vaxtalög.
- 365, 391.
III. kafli - 407, 417, 428.
1987, nr. 48, 27. mars. Lög um Vísindaráð o.fl.
1. gr. - 351.
2. gr. - 351.
4. gr. - 340.
6. gr. - 362.
1987, nr. 66, 10. júlí. Bráðabirgðalög um aðgerðir í sjávarútvegi.
2. gr. - 396.
1988, nr. 14, 20. maí. Bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum.
- 253, 265, 273.
1988, nr. 28, 14. janúar. Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985.
- 512.
1988, nr. 42, 27. janúar. Auglýsing um lista yfir forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 337, 338, 339, 341, 346, 349, 355, 356, 358, 359, 360.
1988, nr. 53, 19. maí. Læknalög.
18. gr. - 443.
25. gr. - 442.
1988, nr. 54, 19. maí. Lög um breytingu á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.
- 455
9. gr. - 419, 430.

1988, nr. 57, 19. maí. Lög um framhaldsskóla.
- 529, 531, 534.
1. gr. - 535.
3. gr. - 535.
31. gr. - 532, 535.
35. gr. - 535, 536.
36. gr. - 533, 535, 536.
1988, nr. 74, 26. ágúst. Bráðabirgðalög um frestun á hækkun launa og búvöru.
- 273.
1988, nr. 81, 3. ágúst. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
17. gr. - 356.
19. gr. - 356.
20. gr. - 356.
1988, nr. 83, 28. september. Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir.
- 273.
15. gr. - 253.
1989, nr. 88, 29. maí. Þjóðminjalög.
5. gr. - 350.
1989, nr. 262, 23. maí. Reglugerð fyrir heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, Hveragerði.
- 442.
1989, nr. 381, 24. júlí. Reglugerð um flugrekstur.
4. gr. - 470.
1990, nr. 39, 15. maí. Lög um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.
- 392, 394, 396, 397.
7. gr. - 393.
1990, nr. 53, 31. janúar. Auglýsing um skrá skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 336.
1990, nr. 54, 31. janúar. Auglýsing um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breytingu á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 334, 335, 339, 340, 358, 360, 361, 363.
1990, nr. 89, 3. ágúst. Bráðabirgðalög um launamál.
- 538, 550.
1990, nr. 97, 28. september. Lög um heilbrigðisþjónustu.
24. gr. - 442, 443.
29. gr. - 442.
32. gr. - 442.

1991, nr. 4, 4. febrúar. Lög um launamál.
- 539.
1991, nr. 33, 28. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 487, 488, 490, 491.
1991, nr. 45, 27. mars. Lög um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.
- 495.
2. gr. - 503.
1991, nr. 91, 31. desember. Lög um meðferð einkamála.
25. gr. - 561.
130. gr. - 560.
1992, nr. 27, 23. janúar. Auglýsing um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 485, 486, 488, 490, 493.
1992, nr. 28, 23. janúar. Auglýsing um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 495, 497, 498, 503, 504, 505.
1992, nr. 66, 3. júlí. Bráðbirgðalög um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum.
- 550.

## III. Efnisskrá til yfirlits


Bankamenn ..... 474
Bann við innflutningi, útflutningi og afgreiðslu á vörum ..... 115
Bókargerðarmenn ..... 162, 398
Dómarar ..... 406
Dómsvald Félagsdóms ..... 287, 392
Flugfreyjur ..... 253
Flugmenn ..... 168, 456, 467
Flugtímar ..... 168
Flugumferðarstjórar ..... 173
Forgangsréttur ..... 14, 300
Fóstrur ..... 554
Framhaldsmenntun ..... 231
Frávísun ..... 287, 392, 439, 521
Frávísun að hluta ..... 333, 411, 416, 450
Frávísunarkröfu hafnað ..... 7, 64, 110, 416, 450, 563, 567
Friðarskylda ..... 253
Frídagar ..... 152, 209, 463
Fyrirframgreiðsla launa ..... 75, 88, 95
Fæðispeningar ..... 152
Gagnaöflun ..... 143
Gerðardómur ..... 144, 152
Gæslustörf ..... 35
Hásetar ..... 307
Helgarfrí ..... 214
Hjúkrunarfræðingar ..... 244
Hæstiréttur ..... 7, 64, 110, 287, 450, 521, 563
Kennarar ..... 35, 200, 218, 224, 528
Kjarasamningar ..... 1, 14, 23, 29, 88, 95, 115, 133, 162, 168, 173, 191, 200, 209, 214, 231, 244, 253, 300, 307, 320, 365, 398, 411, 445, 456, 463, 467, 474, 528, 538, 544, 554, 567
Leiðsögumenn ..... 1

Lögreglumenn .......... 411
Matreiðslumenn .......... 102
Miðlunartillaga .......... 544
Námskeið .......... 231
Náttúrufræðingar .......... 365, 427, 538
Opinberir starfsmenn .......... 58, 75, 133, 333, 485, 494, 506
„Orlofskostnaður“ .......... 23
Ólögmæt vinnustöðvun .......... 58, 102, 122, 144, 173, 218, 224, 269
Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns .......... 1
Risna .......... 133
Samningsumboð .......... 427
Samráð .......... 456
Samstarfsnefnd .......... 538
Sektargreiðsla .......... 269
Sératkvæði .......... 1, 14, 52, 64, 75, 88, 95, 122, 133, 162, 182, 191, 218, 231, 244, 253, 269, 280, 329, 427, 450, 506, 521, 528, 544, 563
Sératkvæði í Hæstarétti .......... 563
Sjómenn .......... 144, 214
Sjúkraliðar .......... 563
Sjúkraþjálfarar .......... 45
Skipherrar .......... 133, 152
Staðgengilslaun .......... 445
Stéttarfélög .......... 45
Stýrimenn .......... 209, 463
Trúnaðarmenn .......... 314, 329
Uppsögn .......... 191, 314, 329, 567
Veikindalaun .......... 162
Verkbann .......... 88, 95
Verkfall .......... 58, 75, 88, 95, 102, 122, 144, 173, 182, 218, 224, 269
Verkfallsheimild .......... 52, 333, 485, 494, 506
Verkfræðingar .......... 182
Verslunarmenn .......... 320
Vélstjórar .......... 300
Yfirborganir .......... 398
Yfirvinnubann .......... 144
Yfirvinnuskylda .......... 280

## IV. Efnisskrá

*Bankamenn.*

Samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og bankanna, sem gilti frá 1. ágúst 1980, áttu starfsmenn Íslandsbanka h/f rétt á sambærilegum lífeyrisréttindum og bótum og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980. .......................... 474

*Bann við innflutningi, útflutningi og afgreiðslu á vörum.*

Dæmt var, að bann Verkamannafélagsins D við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 23. október 1985 og tók gildi 14. nóvember 1985, væri brot á sérkjarasamningi D og VSÍ f.h. E og H um hafnarvinnu frá 3. júlí 1984 og því ólögmætt. .......................... 115

*Bókagerðarmenn.*

Dæmt var, að skilja bæri ákvæði í grein 6.2.5. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna svo að reikna skyldi aukavinnugreiðslur til H, í veikindum hans, eftir meðaltali næstu tíu vikna frá upphafi verkfalls, sem hófst 10. september 1984. Sératkvæði. .......................... 162

Ágreiningur var um skilning á grein 2.7. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins. Dæmt var, að grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi aðila tæki til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gilti ekki um yfirborganir. .......................... 398

*Dómarar.*

Kröfu stefnda um, að Þ viki sæti í máli á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, var hafnað. .......................... 406

*Dómsvald Félagsdóms*

Krafist var, að „viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé samningsaðili um kaup og kjör

gagnvart Sálfræðingafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa á nefndri fræðsluskrifstofu." Dæmt var, að ágreiningsefni málsins félli ekki undir dómsvald Félagsdóms, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Var málinu því vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn. ........ 287

Fallist var á með stefnda, að deila aðila snérist um skilning á lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar sé hvorki vikið að kjarasamningum sjómanna né skiptaverðmæti afla. Bar því eigi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, að skera úr um ágreiningsefnið. Þar sem dómendur voru á einu máli um, að ekki væri ástæða til að beita hér heimild 3. tl. sömu greinar, bar að vísa málinu frá Félagsdómi. ........ 392

*Flugfreyjur.*

Flugfreyjufélag Íslands lagði bann við sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum F. Dæmt var, að framangreind ákvörðun, sem kom til framkvæmda 13. október 1988, væri brot á friðarskyldu, sem var forsenda gildandi kjarasamnings og því ólögmæt. Sératkvæði. ..... 253

*Flugmenn.*

Sjá flugtímar. ........ 168

Í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn VSÍ f.h. F var dæmt, að stefndi hefði brotið gegn ákvæði um samráð í 2. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi málsaðila. ........ 456

Í máli VSÍ f.h. F gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna var flugmönnum dæmt skylt samkvæmt kjarasamningi „að framkvæma útskrift flugvélar með kvittun í viðhaldsbók hennar, þegar enginn stöðvarflugvirki með gilt skírteini er viðlátinn." Eftirfarandi kröfu stefnanda var hins vegar hafnað: „Að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur F, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991" séu brot á kjarasamningi og ólögmæt aðgerð. ........ 467

*Flugtímar.*

Í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn A var deilt um skilning á orðinu flugtímar í samningi aðila um kaup og kjör. Dæmt var, að túlka bæri lokamálsgrein 04-1 um flugtíma í kjarasamningi aðila

þannig, að til flugtíma í þessu sambandi teldust einungis raunverulegar flugstundir. ........ 168

*Flugumferðarstjórar.*

Sjá ólögmæta vinnustöðvun. ........ 173

*Forgangsréttur.*

ASÍ höfðaði mál f.h. Félags framleiðslumanna og vegna framreiðslumannsins Ö og krafðist viðurkenningar á því, að „einn framleiðslumaður að minnsta kosti, fullgildur félagi í Félagi framleiðslumanna, starfi í sérhverjum bar" í veitingahúsinu B. Með vísan til ákvæða í kjarasamningi leit Félagsdómur svo á, að stefndi yrði ekki í þessu máli dæmdur til að verða við kröfu stefnanda. Var kröfunni því hafnað. Þá hafnaði Félagsdómur þeirri kröfu stefnanda, „að dæmt verði, að hið stefnda veitingahús hafi með synjun sinni um að ráða Ö framleiðslumann í nóvember sl. brotið ákvæði greinar 5.1. í gildandi kjarasamningi", en þetta ákvæði kjarasamningsins fjallar um forgangsrétt til starfa. Hins vegar var fallist á þá kröfu stefnanda, að veitingahúsið hefði brotið ákvæði 1. mgr. gr. 5.1. í kjarasamningi aðilanna að því marki, sem ófaglært starfsfólk gekk inn í forgangsstörf félagsmanna í Félagi framreiðslumanna. ........ 14

Forgangréttarákvæði í kjarasamningi tóku til „allra starfa, sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun." Vélstjórar töldu, að forgangsréttarákvæði kjarasamningsins hefði verið brotið, þegar tæknifræðingur var ráðinn til starfa í nýrri stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík. Dæmt var, að umrætt starf væri ekki hefðbundið vélfræðingastarf, sem forgangsréttarákvæði kjarasamningsins tók til. Var sýknukrafa Landsvirkjunar því tekin til greina. ........ 300

*Fóstrur.*

Launanefnd sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar höfðaði mál gegn Fóstrufélagi Íslands og krafðist viðurkenningar á, að kjarasamningur milli aðila málsins hefði komist á. Fóstrufélagið krafðist sýknu af þessari kröfu en jafnframt viðurkenningar á því, að ekki væri í gildi kjarasamningur milli aðila. Dæmt var, að sýkna bæri stefnda af kröfum stefnanda en viðurkennt var, að ekki væri í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar. 554

*Framhaldsmenntun.*

Sjá námskeið. ........ 231

*Frávísun.*

Krafist var, að „viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis sé samningsaðili um kaup og kjör gagnvart Sálfræðingafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna, sem starfa á nefndri fræðsluskrifstofu.“ Dæmt var, að ágreiningsefni málsins félli ekki undir dómsvald Félagsdóms, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Var málinu því vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn. .......... 287

Fallist var á með stefnda, að deila aðila snérist um skilning á lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar væri hvorki vikið að kjarasamningum sjómanna né skiptaverðmæti afla. Bar því eigi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, að skera úr um ágreiningsefnið. Þar sem dómendur voru á einu máli um, að ekki væri ástæða til að beita hér heimild 3. tl. sömu greinar, bar að vísa málinu frá Félagsdómi. .......... 392

Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands höfðaði mál gegn Læknafélagi Íslands og gerði m.a. eftirfandi kröfur:
„1. Að stefnda verði gert að afturkalla viðvörun, sem birtist í Læknablaðinu í maí-hefti 1991, bls. 9.
2. Að gr. 17 og 23 í lögum stefnda eða hlutar þeirra verði með dóminum taldar andstæðar 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944 með síðari breytingum og einnig andstæðar 2. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
3. Að stefnda verði gert að afnema gr. 17 og 23 í lögum félagsins að öllu leyti eða þá hluta greinanna, sem fara í bága við landslög og stjórnarskrá.“ Dæmt var, að vinnuveitandi geti „ekki að áliti Félagsdóms lagt fyrir dóminn ágreining við stéttarfélag um félagsréttindi innan þess, auk þess sem það er almennt utan verkahrings dómsins að dæma um túlkun á stjórnarskrárákvæðum.“ Var málinu því vísað frá Félagsdómi. .......... 439

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar höfðaði mál gegn Reykjavíkurborg og krafðist viðurkenningar á því, „að sjúkraþjálfarar, sem eru félagar stefnanda og starfa á Borgarspítalanum, þ.m.t. yfirsjúkraþjálfari, fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku og að uppsögn stefnda á þessu kjaraatriði 25. mars 1992 verði dæmd ólögmæt.“
Dæmt var, að um vinnutímann hefði hvorki stofnast skriflegur kjarasamningur né ígildi slíks samnings. Varð því eigi borið undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, hvort sjúkraþjálfarar fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnu-

stundir á viku. Var málinu því vísað frá Félagsdómi. Sératkvæði. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn og tók m.a. fram: „Þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu er ekki deilt um skilning á skriflegum samingsákvæðum, verður að telja, að ekki sé um ágreining um kjarasamning að ræða í skilningi laganna frá 1986 og að Félagsdómur eigi þess vegna ekki lögsögu í málinu.". .......................... 521

*Frávísun að hluta.*

Sjá verkfallsheimild. ........................................................................ 333

Kröfur Landsambands lögreglumanna voru tvíþættar. Annars vegar, „að viðurkennd verði sú skylda stefnda, fjármálaráðherra, að kynna stefnanda þau gögn, sem hverju sinni eru lögð fram til grundvallar mati Hagstofu Íslands við útreikning, og að tilkynna síðan stefnanda um niðurstöðu mats Hagstofu Íslands, áður en launakeyrsla fyrir síðasta viðmiðunartímabil fer fram hverju sinni." Dæmt var, að stefnandi hefði hvorki í stefnu, greinargerð né málflutningi gert grein fyrir því, á hvaða lagagrundvelli þessar viðurkenningarkröfur hans byggðust. Var þessum hluta kröfugerðar því vísað sjálfkrafa frá dómi. ........................................................................ 411

Kröfu stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, „að viðurkennt verði, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinni slíkri kennslu í Háskóla Íslands" var vísað frá dómi. ............................................ 416

Í máli VSÍ f.h. F gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna voru kröfur stefnanda í fyrsta lagi, að dæmt yrði, að flugmönnum væri skylt að framkvæma ákveðin störf við undirbúning brottfarar flugvéla. Í öðru lagi var þess krafist, „að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur F, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991" væri brot á kjarasamningi og því ólögmæt aðgerð. Í þriðja lagi var krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu fyrir tjóni vegna neitunar að framkvæma starfsreglur F frá 27. nóvember 1991. Félagsdómur hafnaði frávísunarkröfu stefnda. Sératkvæði. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Félagsdóm um tvo fyrstu kröfuliðina. Stefnandi í héraði tilgreindi ekki í krónum, hve hárra bóta krafist var. Bar eftir fordæmum og m.a. með vísan í c-lið 1. mgr. 88. gr. einkamálalaga að

vísa kröfunni um viðurkenningu á bótarétti frá Félagsdómi. ........ 450

*Frávísunarkröfu hafnað.*

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs höfðaði mál gegn BSRB f.h. Kennarafélags Íslands og gerði þær kröfur, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna í samræmi við 31. gr. laga nr. 38/1954.“ Stefndi krafðist frávísunar. Þrátt fyrir annmarka í kröfugerð stefnanda taldi Félagsdómur, að ætlun stefnanda hefði verið, að Félagsdómur skæri úr um deiluefnið á grundvelli kjarasamninga. Slíkt ágreiningsefni félli undir úrskurðarvald Félagsdóms, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976. Var frávísunarkröfu stefnda því hafnað. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Félagsdóms. ........ 7

Í máli BSRB f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar gegn Reykjavíkurborg var gerð krafa um frávísun málsins frá Félagsdómi. Dæmt var, að ágreiningur í málinu varðaði skilning á kjarasamningi málsaðilanna, sem stefnandi hefði lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið. Féll málsefnið því undir dómsvald Félagsdóms og var frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina. Sératkvæði. ........ 64

Í máli VSÍ f.h. E gegn ASÍ f.h. Verkamannafélagsins D var þess krafist, að „bann Verkamannafélagsins D við innflutningi og afgreiðslu á suðurafrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku verði dæmt brot á kjarasamningi . . .“ Krafist var frávísunar. Dæmt var, að úrlausnarefni málsins heyrði undir úrskurðarvald Félagsdóms. Var frávísunarkröfunni hafnað. Hæstiréttur staðfesti þennan úrskurð Félagsdóms. ........ 110

Félag náttúrufræðinga gerði þá kröfu, „að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.“ Fjármálaráðherra krafðist frávísunar á þessum kröfulið. Frávísunarkröfu þessari var hafnað. ........ 416

Sjá frávísun að hluta. ........ 450

Stefndi, Sjúkraliðafélag Íslands, krafðist frávísunar máls á þeim grundvelli, að Félagsdómur ætti ekki dómsvald um lögmæti afstaðinna vinnustöðvana, heldur ætti hann einungis dómsvald um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Með vísan til greinar-

gerðar með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 varðandi 2. tl. 1. mgr. 26. greinar hafnaði Félagsdómur frávísunarkröfu stefnda. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Félagsdóms. Sératkvæði í Hæstarétti. ...... 563

Sjá uppsögn. ........ 567

*Friðarskylda.*

Flugfreyjufélag Íslands lagði bann við sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum F. Dæmt var, að framangreind ákvörðun, sem kom til framkvæmda 13. október 1988, væri brot á friðarskyldu, sem var forsenda gildandi kjarasamnings og því ólögmæt. Sératkvæði. ..... 253

*Frídagar.*

Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá gæslunni í stjórnstöð gæslunnar, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi og neyslufrídaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi. ........ 152

Sjá kjarasamninga. ........ 209

Stýrimenn kröfðust þess, að frídagaréttur, sem fjallað var um í kjarasamningi, yrði talinn ná til þess, þegar skip losar í Helguvíkurhöfn á Reykjanesi. Í kjarasamningi voru taldar upp tilteknar hafnir sem heimahafnir. Dómurinn taldi, að upptalning þessi væri afdráttarlaus og tæmandi. „Heimahafnir teljast því ekki aðrar hafnir en þær, sem þar eru sérstaklega tilgreindar.“ Var kröfum stýrimanna því hafnað. ........ 463

*Fyrirframgreiðsla launa.*

Starfsmannafélag R boðaði til verkfalls, sem kom til framkvæmda 4. október 1984. Borgarráð ákvað að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa og boðað höfðu verkfall. Á gjalddaga launanna 1. október 1984 hafði sáttatillaga sáttanefndar verið felld, og boðað verkfall 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var Reykjavíkurborg rétt að greiða einungis laun fyrir þrjá fyrstu daga mánaðarins. Var krafa BSRB f.h. Starfsmannafélags R þess efnis, að borginni hefði verið skylt að greiða full laun fyrirfram fyrir októbermánuð því ekki tekin til greina. Sératkvæði. ........ 75

VSÍ boðaði til verkbanns gagnvart félagsmönnum Félags bókagerðarmanna og Blaðamannafélags Íslands frá og með 4. október 1984. Á greiddi af þessu tilefni blaðamönnum sínum einungis laun fyrir-

fram fyrir fyrstu þrjá daga októbermánaðar. Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann hafði ekki verið afturkallað. Dæmt var, að Á hefði ekki verið skylt að greiða blaðamönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. ................ 88

N boðaði til verkbanns gagnvart blaðamönnum frá og með 4. október 1984. Félagið greiddi blaðamönnum sínum einungis laun fyrirfram fyrir fyrstu þrjá daga októbermánaðar. Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann hafði þá ekki verið afturkallað. Dæmt var, að N hefði ekki verið skylt að greiða blaðamönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. ................ 95

*Fæðispeningar.*

Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá gæslunni í stjórnstöð gæslunnar, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi og neyslufrídaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi. Niðurstaða Félagsdóms var byggð á úrskurði gerðardóms samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 28/1986. ..................... 152

*Gagnaöflun.*

Félagsdómur kvað upp úrskurð þess efnis, að aðilum væri gefinn kostur á öflun frekari gagna í málinu. ........................................ 143

*Gerðardómur.*

Dæmt var, að yfirvinnubann S, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og VSÍ og hófst 19. maí 1986, væri ólögmæt vinnustöðvun, sem bryti í bága við kjarasamning, bráðabirgðalög nr. 28/1986 og II. kafla laga nr. 80/1938. Í bráðabirgðalögunum var ákvæði um gerðardóm um kaup og kjör félagsmanna S. ........................................ 144

Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá gæslunni í stjórnstöð gæslunnar, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi og neyslufrídaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi. Niðurstaða Félagsdóms var byggð á úrskurði gerðardóms samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 28/1986. ..................... 152

*Gæslustörf.*

Í máli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn BSRB f.h. Kennarasambands Íslands var dæmt, að kennurum í grunnskólum væri skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum samkvæmt löglegum fyrirmælum

yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. .......................... 35

*Hásetar.*

Ákvæði kjarasamnings voru skýrð. Eigi var fallist á með stefnanda, að útgerðinni „beri á landróðrabátum, er veiða með línu eða í net, að bæta við einum háseta, þegar afli er slægður um borð, og öðrum háseta, þegar afli er ísaður í kör eða kassa, og hækki þá skiptaprósenta um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er." Hins vegar var fallist á það með stefnanda, að aukagreiðsla, sú er um getur í 10. gr. d kjarasamningsins, „skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer á landróðrabátum til línuveiða.". ...................... 307

*Helgarfrí.*

Deilt var um, hvort reglur kjarasamnings um helgarfrí sjómanna á netabátum hefðu verið brotnar, en skip stefnda réri samkvæmt ákvörðun skipstjóra bæði laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. mars 1987. Með samanburði á 1. og 2. mgr. greinar 3.08 í kjarasamningi var ljóst, að helgarfrí skyldi vera heill dagur, sunnudagur eða laugardagur eftir atvikum. Var talið, að útgerðin hefði brotið gegn grein 3.08 með því að virða ekki ákvæði samningsins um helgarfrí áhafnar. ........................................................................ 214

*Hjúkrunarfræðingar.*

Ágreiningur málsaðila snerist um það, hvort barnadeild Heilsugæslustöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík væri barnadeild í skilningi kjarasamnings. Dæmt var, að hjúkrunarfræðingar, sem eru félgsmenn Hjúkrunarfélags Íslands og starfa á nefndri barnadeild, skyldu taka laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæða í kjarasamningi. Sératkvæði. ............................................... 244

*Hæstiréttur.*

Hæstiréttur staðfesti frávísunardóm. ........................................ 287, 521

Hæstiréttur staðfestir úrskurð Félagsdóms um að hafna frávísunarkröfu stefnda. ............................................................ 7, 64, 110, 563

Hæstiréttur vísaði frá Félagsdómi hluta af kröfu stefnanda. ................. 450

*Kennarar.*

Dæmt var, að kennurum í grunnskólum væri skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum samkvæmt löglegum fyrirmælum yfirmanna

sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. ........................................ 35
Sjá kjarasamninga. ........................................................... 200, 528
Sjá ólögmæta vinnustöðvun. .................................................. 218, 224

*Kjarasamningar.*

Í kjarasamningi Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa var ákvæði þess efnis, að félagsmenn skyldu hafa forgangsrétt til vinnu. Ráðning H, ófélagsbundins leiðsögumanns, var talið brot á 3. gr. kjarasamningsins. Í sama máli var krafist skaðabóta til leiðsögumannsins F, sem ekki hafði fengið að fara í ferð þá, sem H var ráðinn í. Ferðaskrifstofan var sýknuð af kröfunni um skaðabætur vegna vanefnda F. Ekki var talin ástæða til að dæma ferðaskrifstofuna til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938. ...... 1
Sjá forgangsréttur. ........................................................... 14
Vélstjórar hjá Hitaveitu Suðurnesja gerðu kröfu um, að þeim yrði greiddur „orlofskostnaður" í samræmi við nýmæli, er fólst í 4. gr. samnings Landvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands. Kröfu þessari var hafnað. ........................................................... 23
VSÍ gerði þá kröfu aðallega, „að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að fyrirvari Verkamannafélagsins H á félagsfundi 1. mars 1984 við samþykki kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984 sé ógildur og samningur félagsins við H h/f vegna hvalvinnslu framlengdur með kjarasamningnum. Til vara, að samþykki kjarasamningsins með nefndum fyrirvara sé dæmt ógilt." Dæmt var, „að samþykkt Verkamannafélagsins H á fundi sínum 1. mars 1984 hafi verið nýtt tilboð gagnvart stefnanda. Þessu tilboði hafnaði stefnandi með bréfi 26. mars 1984. Af því leiðir, að rammasamningur ASÍ og stefnanda frá 21. febrúar 1984 hefur ekki verið samþykktur, að því er Verkamannafélagið H varðar." Samningur milli ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984 hafði því ekki komist á milli VSÍ og Verkamannafélagsins H. ........................................................... 29
Dæmt var, að Á hefði ekki verið skylt að greiða laun fyrirfram samkvæmt gildandi kjarasamningi allan októbermánuð 1984, þar sem boðað verkbann hafði ekki verið afturkallað á gjalddaga launanna 1. október 1984. Sjá verkbann. Sératkvæði. ................................ 88
N boðaði til verkbanns gagnvart blaðamönnum frá og með 4. október 1984. Félagið greiddi blaðamönnum sínum einungis laun fyrirfram fyrir fyrstu þrjá daga októbermánaðar. Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann hafði þá ekki verið afturkallað.

Dæmt var, að N hefði ekki verið skylt að greiða blaðamönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. .................. 95
Dæmt var, að bann Verkamannafélagsins D við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins 23. október 1985 og tók gildi 14. nóvember 1985, væri brot á sérkjarasamningi Dagsbrúnar og VSÍ f.h. E og H h/f um hafnarvinnu frá 3. júlí 1984 og því ólögmætt. .................................................................. 115
Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða skipherrum í starfi hjá gæslunni sama risnufé, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum, við fluggæslu eða í stjórnstöð samkvæmt gerðu samkomulagi, byggðu á grein 18.1.1. í kjarasamningi frá 16. apríl 1984. Hins vegar var hafnað þeirri kröfu, að skipherrum, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum eða í landi, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnufjár. Sératkvæði. ........................ 133
Dæmt var, að skilja bæri ákvæði í grein 6.2.5. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna svo að reikna skyldi aukavinnugreiðslur til H í veikindum hans eftir meðaltali næstu tíu vikna frá upphafi verkfalls. Sératkvæði. ........................................................................ 162
Í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn A var deilt um skilning á orðinu flugtímar í samningi aðila um kaup og kjör. Dæmt var, að túlka bæri lokamálsgrein 04-1 um flugtíma í kjarasamningi aðila þannig, að til flugtíma í þessu sambandi teldust einungis raunverulegar flugstundir. ........................................................................ 168
Félag íslenskra flugumferðarstjóra boðaði til verkfalls. Fjármálaráðherra höfðaði þá mál til þess að fá verkfallið dæmt ólögmætt. Félagsdómur leit svo á, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og að félagsmönnum stefnda væri því óheimilt að gera verkfall. Var hið boðaða verkfall því dæmt ólögmætt. ........................................................................ 173
Dæmt var, að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ö á kjarasamningi frá 28. ágúst 1987 væri ólögmæt og gildislaus. Sératkvæði. .................. 191
Hið íslenska kennarafélag höfðaði mál gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi. Var krafa stefnanda tekin til greina. Dæmt var, að samkvæmt kjarasamningi „skal greiða í tímakaup í dagvinnu 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki miðað við 5. launaþrep þess launaflokks. Greiða ber álagsgreiðslur samkvæmt sama kjarasamningi sem

hlutfall af tímakaupi í dagvinnu, eins og það tímakaup er ákvarðað í grein 1.2.1 í samningnum.". ........ 200

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands höfðaði mál vegna Stýrimannafélags Íslands gegn Vinnumálasambandi samvinnufélagann f.h. skipadeildar SÍS. Ágreiningur var um túlkun ákvæða kjarasamnings um frídaga.Var því haldið fram, að stýrimenn ættu rétt til að vinna samkvæmt ákvæðinu, en þyrftu ekki að hlíta því að taka út frídaga í samræmi við tilviljunarkenndar hugdettur skipstjóra. Dómurinn taldi, með samanburði á ýmsum ákvæðum kjarasamningsins, að undir valdsvið skipstjóra félli að veita frídaga samkvæmt grein 11.8.1, ef hann teldi ekki þörf á að nýta vinnukraft stýrimanna. ........ 209

Deilt var um, hvort reglur kjarasamnings um helgarfrí sjómanna á netabátum hefðu verið brotnar, en skip stefnda réri samkvæmt ákvörðun skipstjóra bæði laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. mars 1987. Með samanburði á 1. og 2. mgr. greinar 3.08 í kjarasamningi, var ljóst, að helgarfrí skyldi vera heill dagur, sunnudagur eða laugardagur eftir atvikum. Var talið, að útgerðin hefði brotið gegn grein 3.08 með því að virða ekki ákvæði samningsins um helgarfrí áhafnar. ........ 214

Sjá námskeið. ........ 231

Ágreiningur málsaðila snerist um það, hvort barnadeild Heilsugæslustöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík væri barnadeild í skilningi kjarasamnings. Dæmt var, að hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn Hjúkrunarfélags Íslands og starfa á nefndri barnadeild, skyldu taka laun einum launaflokki ofar en ella vegna ákvæða í kjarasamningi. Sératkvæði. ........ 244

Flugfreyjufélag Íslands lagði bann við sölu tollfrjáls varnings um borð í flugvélum F. Dæmt var, að framangreind ákvörðun, sem kom til framkvæmda 13. október 1988, væri brot á friðarskyldu, sem var forsenda gildandi kjarasamnings og því ólögmæt. Sératkvæði. ..... 253

Forgangréttarákvæði í kjarasamningi tók til „allra starfa, sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun." Vélstjórar töldu, að það væri brot á forgangsréttarákvæði kjarasamningsins, þegar tæknifræðingur var ráðinn til starfa í nýrri stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík. Dæmt var, að umrætt starf væri ekki hefðbundið vélfræðingastarf, sem forgangsréttarákvæði kjarasamningsins tæki til. Var sýknukrafa Landsvirkjunar því tekin til greina. ........ 300

Ákvæði kjarasamnings voru skýrð. Eigi var fallist á með stefnanda, að

útgerðinni „beri á landróðrabátum, er veiða með línu eða í net, að bæta við einum háseta, þegar afli er slægður um borð, og öðrum háseta, þegar afli er ísaður í kör eða kassa, og hækki þá skiptaprósenta um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er.“ Hins vegar var fallist á það með stefnanda, að aukagreiðsla sú, er um getur í 10. gr. d kjarasamningsins, „skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer á landróðrabátum til línuveiða.“. ........................ 307

Í kjarasamningi verslunarmanna var sérstök bókun um vinnutíma afgreiðslufólks, sem vinna a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku. Dæmt var, að framangreind bókun veitti hlutaðeigandi starfsfólki í verslun H „rétt til að hefja vinnu kl. 9 að morgni að undangenginni uppsögn þess á gildandi fyrirkomulagi um vinnutíma.“. ............... 320

Ágreiningur var um skýringu á kjarasamningi. Fallist var á með Félagi íslenskra náttúrfræðinga, að stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs væri frá 1. júlí 1990 skylt að greiða náttúrufræðingum, sem störfuðu hjá stefnda og tóku laun samkvæmt kjarasamningi aðila fjárhæð, sem næmi 1 1/2 launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns samkvæmt 10. gr. kjarasamningsins. ........................ 365

Ágreiningur var um skilning á grein 2.7. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins. Dæmt var, að grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi aðila tæki til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gilti ekki um yfirborganir. ........................................................................ 398

Landssamband lögreglumanna krafðist þess, að ríkissjóður greiddi félagsmönnum stefnanda 3% hækkun launa fyrir júlímánuð 1990. Stefnandi hélt því fram, að á grundvelli samkomulags aðila frá 5. maí 1989 þar sem segi berum orðum, að liggi ekki mat Hagstofu Íslands fyrir til launakeyrslu 1. júlí, hækki laun lögreglumanna um 3% til bráðabirgða. Ágreiningslaust var, að niðurstaða mats Hagstofu Íslands lá fyrir 21. maí 1990. Ósannað var, að stefnda hefði verið skylt að tilkynna stefnanda um mat Hagstofunnar og þá voru heldur ekki haldbær rök fyrir því, að Hagstofan hefði staðið að umræddu mati á ólögmætan hátt. Sýkna. ........................... 411

J var falið að gegna störfum yfirmanns síns, E, í forföllum í sumarleyfi. Ágreiningslaust var, að J var „ekki í stöðu staðgengils yfirmanns samkvæmt ráðningarsamningi hennar.“ Átti hún því rétt á samkvæmt afdráttarlausu orðalagi í gildandi kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóða að taka laun eftir launaflokki yfirmanns, á meðan hún gegndi starfi hans. ....................................... 445

Í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn VSÍ f.h. F var dæmt, að

stefndi hefði brotið gegn ákvæði um samráð í 2. mgr. greinar 01-3 í kjarasamningi málsaðila. ........................................................ 456

Stýrimenn kröfðust þess, að frídagaréttur, sem fjallað var um í kjarasamningi, yrði talinn ná til þess, þegar skip losar í Helguvíkurhöfn á Reykjanesi. Í kjarasamningi voru taldar upp tilteknar hafnir sem heimahafnir. Dómurinn taldi, að upptalning þessi væri afdráttarlaus og tæmandi. „Heimahafnir teljast því ekki aðrar hafnir en þær, sem þar eru sérstaklega tilgreindar." Var kröfum stýrimanna því hafnað. ........................................................ 463

Í máli VSÍ f.h. F gegn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna var flugmönnum dæmt skylt samkvæmt kjarasamningi „að framkvæma útskrift flugvélar með kvittun í viðhaldsbók hennar, þegar enginn stöðvarflugvirki með gilt skírteini er viðlátinn." Eftirfarandi kröfu stefnanda var hins vegar hafnað: „Að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991" séu brot á kjarasamningi og ólögmæt aðgerð. ........................................................ 467

Samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og bankanna, sem gilti frá 1. ágúst 1980, áttu starfsmenn Íslandsbanka h/f rétt á sambærilegum lífeyrisréttindum og bótum og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980. ......................... 474

Í máli Hins íslenska kennarafélags gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var fallist á það með stefnanda, að þeir félagsmenn stefnanda, „sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánaðarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjölbrautarskólans í Breiðholti, eiga rétt til greiðslna samkvæmt reglum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hins íslenska kennarafélags ásamt viðaukum og bókunum við hann." Sératkvæði. ... 528

Félag íslenskra náttúrufræðinga krafðist þess í máli gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, „að skylt sé, að halda fundi í samstarfsnefnd stefnanda og stefnda". Fallist var á með stefnanda, að fara skyldi eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila um samstarfsnefnd, þar til nýr samningur yrði gerður. ........................................ 538

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu ASÍ og VSÍ. Samkvæmt upphafsorðum miðlunartillögunnar var hún til lausnar kjaradeilu ASÍ og VSÍ, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasambands byggingamanna, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Talið var, að samþykki Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri við

miðlunartillögu ríkissáttasemjara bæri að skoða sem samningstilboð, sem viðsemjendur félagsins hefðu hafnað. Sératkvæði. ........ 544
Launanefnd sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar höfðaði mál gegn Fóstrufélagi Íslands og krafðist viðurkenningar á, að kjarasamningur milli aðila málsins hefði komist á. Fóstrufélagið krafðist sýknu af þessari kröfu en jafnframt viðurkenningar á því, að ekki væri í gildi kjarasamningur milli aðila. Dæmt var, að sýkna bæri stefnda af kröfum stefnanda en viðurkennt var, að ekki væri í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar. 554
ASÍ höfðaði mál f.h. tilgreindra landssambanda og verkalýðsfélaga á hendur VSÍ f.h. Í og krafðist aðallega viðurkenningar á því, að uppsagnir 10 starfsmanna væri brot á gildandi kjarasamningi og „að þær verði strax dregnar til baka.“ Til vara, að stefndi yrði skyldaður til að endurráða 6 af þeim fastráðnu starfsmönnum, sem sagt var upp og þar með starfsmanninn P. Til þrautavara var þess krafist, að endurráðnir yrðu 3 starfsmenn og þar með P. Stefndi krafðist frávísunar málsins. Frávísunarkröfunni var hafnað og stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda. ........................ 567

*Leiðsögumenn.*

Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns var talin brot á forgangsrétti félagsmanna til vinnu samkvæmt 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa. Ekki var þó talin ástæða til að dæma ferðaskrifstofuna til að greiða sekt samkvæmt 69. gr. laga nr. 80/1938. ........................................................ 1

*Lögreglumenn.*

Sjá frávísun að hluta 411 og kjarasamninga. ........................................ 411

*Matreiðslumenn.*

Sjá ólögmæt vinnustöðvun. ........................................................ 102

*Miðlunartillaga.*

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu ASÍ og VSÍ. Samkvæmt upphafsorðum miðlunartillögunnar var hún til lausnar kjaradeilu ASÍ og VSÍ, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasambands byggingamanna, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Talið var, að samþykki Félags málmiðnaðarmanna á Akureyri við

miðlunartillögu ríkissáttasemjara bæri að skoða sem samningstilboð, sem viðsemjendur félagsins hefðu hafnað. Sératkvæði. ........ 544

*Námskeið.*

Um það var deilt, hvort rafeindavirkinn Á ætti rétt á eins launaflokks hækkun samkvæmt kjarasamningi vegna þátttöku hans í tilteknum námsskeiðum. Dæmt var, að námskeið, sem sótt eru, áður en sveinsprófi í iðngrein er lokið, geti ekki talist framhaldsmenntun í skilningi bókunar 5 í kjarasamningi. Þá var m.a. fallist á með stefndu, að tækjanámskeið féllu ekki undir bókun 5. Var krafan um launahækkun Á til handa ekki tekin til greina. Sératkvæði. ... 231

*Náttúrufræðingar.*

Sjá kjarasamninga. ........................................ 365, 538
Sjá samningsumboð. ........................................ 427

*Opinberir starfsmenn.*

Sjá ólögmæt vinnustöðvun. ........................................ 58
Sjá verkfall. ........................................ 75
Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða skipherrum í starfi hjá gæslunni sama risnufé, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum, við fluggæslu eða í stjórnstöð samkvæmt gerðu samkomulagi, byggðu á grein 18.1.1. í kjarasamningi frá 16. apríl 1984. Hins vegar var hafnað þeirri kröfu, að skipherrum, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum eða í landi, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnufjár. Sératkvæði. .................... 133
Sjá verkfallsheimild. ........................................ 333, 485, 494, 506

*„Orlofskostnaður".*

Sjá kjarasamninga. ........................................ 23

*Ólögmæt vinnustöðvun.*

Borgarneshreppur krafðist þess, að verkfall 14 tiltekinna starfsmanna sveitarfélagins, sem hófst 4. október 1984, yrði dæmt ógilt. BSRB f.h. starfsmannanna tókst ekki að sanna, að boðað hefði verið til verkfallsins með lögmætum hætti. Var verkfallið því dæmt ólögmæt vinnustöðvun. ........................................ 58
Félag matreiðslumanna boðaði verkfall matreiðslumanna hjá Í 21. september 1985. Félag matreiðslumanna var talið bundið kjarasamningi við Í til 31. desember 1985. Hið boðaða verkfall var því dæmt ólögmætt. ........................................ 102
Dæmt var, að boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja vegna 122 fé-

lagsmanna sinna, er störfuðu hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu og hefjast skyldi 2. janúar 1986, væri ólögmætt. Sératkvæði. .......... 122

Dæmt var, að yfirvinnubann Sjómannafélags R, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og VSÍ og hófst 19. maí 1986, væri ólögmæt vinnustöðvun, sem bryti í bága við kjarasamning, bráðabirgðalög nr. 28/1986 og II. kafla laga nr. 80/1938. .......... 144

Félag íslenskra flugumferðarstjóra boðaði til verkfalls. Fjármálaráðherra höfðaði þá mál til þess að fá verkfallið dæmt ólögmætt. Félagsdómur leit svo á, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og að félagsmönnum stefnda væri því óheimilt að gera verkfall. Var hið boðaða verkfall því dæmt ólögmætt. .......... 173

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar, að leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram í viðkomandi stéttarfélagi um sjálfa boðunina. Félagsmönnum stéttarfélags, sem lög þessi taka til, er því óheimilt að framselja vald til verkfallsboðunar. Orðalag atkvæðaseðils bar með sér, að atkvæðagreiðsla, sem fram fór meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, var ekki atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls. Var hið boðaða verkfall, sem hefjast átti 11. apríl 1988, því dæmt ólögmætt. Sératkvæði. ... 218

Í atkvæðagreiðslu um verkfall lýstu 464 þátttakendur af 986 sig samþykka verkfallsboðun eða 47,06 af hundraði þátttakenda. Skilyrði 15. gr. laga nr. 94/1986 um samþykki meirihluta til verkfallsboðunar var því ekki fullnægt. Þegar af þessari ástæðu var verkfall Hins íslenska kennarafélags í þjónustu ríkisins, sem boðað var og hefjast skyldi 13. apríl 1988, dæmt ólögmætt. .......... 224

Verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var Í og VSÍ af Verkalýðsfélagi V, var dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags V við VSÍ og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og VSÍ. Verkalýðsfélagið var dæmt til að greiða sekt til ríkissjóðs kr. 25.000. Sératkvæði. .......... 269

*Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns.*

Ráðning ófélagsbundins leiðsögumanns var talin brot á forgangsrétti félagsmanna til vinnu samkvæmt 3. gr. kjarasamnings Félags leiðsögumanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa. Ekki var þó talin

ástæða til að dæma ferðaskrifstofuna til að greiða sekt samkvæmt 69. gr. laga nr. 80/1938. ........ 1

*Risna.*

Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða skipherrum í starfi hjá gæslunni sama risnufé, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum, við fluggæslu eða í stjórnstöð samkvæmt gerðu samkomulagi, byggðu á grein 18.1.1. í kjarasamningi frá 16. apríl 1984. Hins vegar var hafnað þeirri kröfu, að skipherrum, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum eða í landi, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnufjár. Sératkvæði. ........ 133

*Samningsumboð.*

Félag íslenskra náttúrufræðinga höfðaði mál gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara og gerði þær kröfur í fyrsta lagi, „að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.“ Í öðru lagi var þess krafist, „að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.“ Dæmt var, að 1. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 veiti þeim stéttarfélögum, sem undir lögin falla, aðeins rétt til að gera kjarasamninga, sem taki til aðalstarfa viðkomandi starfsmanna. Þegar af þeirri ástæðu voru stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda. Sératkvæði. ........ 427

*Samráð.*

Í máli Félags íslenskra atvinnuflugmanna gegn VSÍ f.h. F var dæmt, að stefndi hefði brotið gegn ákvæði um samráð í 2. mgr. greinar 01-3 í kjarasamninga málsaðila. ........ 456

*Samstarfsnefnd.*

Félag íslenskra náttúrufræðinga krafðist þess í máli gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, „að skylt sé, að halda fundi í samstarfsnefnd stefnanda og stefnda“. Fallist var á með stefnanda, að fara skyldi

eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila um samstarfsnefnd, þar til nýr samningur yrði gerður. .......... 538

*Sektargreiðsla.*

Verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var Í og VSÍ af Verkalýðsfélagi V þann 2. mars, var dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags V við VSÍ frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og VSÍ. Verkalýðsfélagið var dæmt til að greiða sekt til ríkissjóðs kr. 25.000. Sératkvæði. .......... 269

*Sératkvæði.*

Einn dómari greiðir sératkvæði. 14, 75, 88, 95, 162, 182, 191, 218, 253, 269, 280, 329, 427, 450, 521, 528, 544
Tveir dómarar greiða sératkvæði. .......... 1, 52, 64, 122, 231, 244, 253, 269
Þrír dómarar greiða sératkvæði. .......... 506
Fjórir dómarar greiða sératkvæði. .......... 133
Einn dómari í Hæstarétti greiðir sératkvæði. .......... 563

*Sjómenn.*

Sjá ólögmæt vinnustöðvun. .......... 144
Sjá helgarfrí. .......... 214

*Sjúkraliðar.*

Sjá frávísunarkröfu hafnað. .......... 563

*Sjúkraþjálfarar.*

Dæmt var, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara væri ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og var félagið því ekki lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félgagsmanna sinna. .......... 45

*Skipherrar.*

Dæmt var um risnufé til skipherra hjá Landhelgisgæslu Íslands. Sjá risnu. .......... 133
Dæmt var, að Landhelgisgæslu Íslands væri skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá gæslunni í stjórnstöð gæslunnar, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi og neyslufrídaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi. .......... 152

*Staðgengilslaun.*

J var falið að gegna störfum yfirmanns síns í forföllum í sumarleyfi. Ágreiningslaust var, að J var „ekki í stöðu staðgengils yfirmanns

samkvæmt ráðningarsamningi hennar." Átti hún því rétt á samkvæmt afdráttarlausu orðalagi í gildandi kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að taka laun eftir launaflokki yfirmanns, á meðan hún gegndi starfi hans. .................................. 445

*Stéttarfélög.*

Dæmt var, að Stéttarfélag sjúkraþjálfara væri ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og var félagið því ekki lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félgagsmanna sinna. ...................................................................................... 45

*Stýrimennn.*

Sjá kjarasamninga. ......................................................................... 209

Stýrimenn kröfðust þess, að frídagaréttur, sem fjallað var um í kjarasamningi, yrði talinn ná til þess, þegar skip losar í Helguvíkurhöfn á Reykjanesi. Í kjarasamningi voru taldar upp tilteknar hafnir sem heimahafnir. Dómurinn taldi, að upptalning þessi væri afdráttarlaus og tæmandi. „Heimahafnir teljast því ekki aðrar hafnir en þær, sem þar eru sérstaklega tilgreindar." Var kröfum stýrimanna því hafnað. ........................................................................ 463

*Trúnaðarmaður.*

G, sem var trúnaðarmaður veralýðsfélags, var sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Dæmt var, að uppsögnin væri brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum. ........................................................................................ 314

Í kjarasamningi verslunarmanna var sérstök bókun um vinnutíma afgreiðslusfólks, sem vinna a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku. Dæmt var, að framangreind bókun veitti hlutaðeigandi starfsfólki í verslun H „rétt til að hefja vinnu kl. 9.00 að morgni að undangenginni uppsögn þess á gildandi fyrirkomulagi um vinnutíma.". ............... 329

*Uppsögn.*

Sjá kjarasamninga. ......................................................................... 191

G, sem var trúnaðarmaður veralýðsfélags, var sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Dæmt var, að uppsögnin væri brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum. ........................................................................................ 314

J, sem var starfsmaður í áhaldahúsi S, var sagt upp starfi sínu. Lét hann af störfum þremur mánuðum síðar að teknu tilliti til uppsagnar-

frests. Verkalýðsfélagið hélt því fram, að hann hefði verið trúnaðarmaður félagsins í áhaldahúsinu og hefði S þar með gerst brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938. Dæmt var, að ekki væri sannað, að J hefði verið trúnaðarmaður í áhaldahúsinu. Var krafa S um sýknu því tekin til greina. Sératkvæði. ........................................... 329

ASÍ höfðaði mál f.h. tilgreindra landssambanda og verkalýðsfélaga á hendur VSÍ f.h. Í og krafðist aðallega viðurkenningar á því, að uppsagnir 10 starfsmanna væri brot á gildandi kjarasamningi og „að þær verði strax dregnar til baka.“ Til vara að dæmt yrði, að stefndi væri skyldaður til að endurráða 6 af þeim fastráðnu starfsmönnum, sem sagt var upp og þar með starfsmanninn P. Til þrautavara var þess krafist, að endurráðnir yrðu 3 starfsmenn og þar með P. Stefndi krafðist frávísunar málsins. Frávísunarkröfunni var hafnað og stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda. ........ 567

*Veikindalaun.*

Dæmt var, að skilja bæri ákvæði í grein 6.2.5. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna svo að reikna skyldi aukavinnugreiðslur til H í veikindum hans eftir meðaltali næstu tíu vikna frá upphafi verkfalls, sem hófst 10. september 1984. Sératkvæði. ........................ 162

*Verkbann.*

VSÍ boðaði til verkbanns gagnvart félagsmönnum Félags bókagerðarmanna og Blaðamannafélags Íslands frá og með 4. október 1984. Á greiddi af þessu tilefni blaðamönnum sínum einungis laun fyrirfram fyrir fyrstu þrjá daga októbermánaðar. Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann hafði ekki verið afturkallað. Dæmt var, að Á hefði ekki verið skylt að greiða blaðamönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. ................ 88

N boðaði til verkbanns gagnvart blaðamönnum frá og með 4. október 1984. Félagið greiddi blaðamönnum sínum einungis laun fyrirfram fyrir fyrstu þrjá daga októbermánaðar. Gjalddagi launanna var 1. október 1984, og boðað verkbann hafði þá ekki verið afturkallað. Dæmt var, að N hefði ekki verið skylt að greiða blaðamönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. ................ 95

*Verkfall.*

Borgarneshreppur krafðist þess, að verkfall 14 tiltekinna starfsmanna sveitarfélagins, sem hófst 4. október 1984, yrði dæmt ógilt. BSRB f.h. starfsmannanna tókst ekki að sanna, að boðað hefði verið til

verkfallsins með lögmætum hætti. Var verkfallið því dæmt ólögmætt. ........ 58

Starfsmannafélag R boðaði verkfall, sem hófst 4. október 1984. Reykjavíkurborg greiddi einungis laun þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna, sem nutu fyrirframgreiðslu launa og tóku þátt í verkfallinu. Dæmt var, að Reykjavíkurborg hefði ekki verið skylt að greiða þessum starfsmönnum fyrirfram laun fyrir allan októbermánuð. Sératkvæði. ........ 75

Sjá kjarasamninga. ........ 88, 95

Félag matreiðslumanna boðaði verkfall matreiðslumanna hjá Í 21. september 1985. Félag matreiðslumanna var talið bundið kjarasamningi við Í til 31. desember 1985. Hið boðaða verkfall var því dæmt ólögmætt. ........ 102

Dæmt var, að boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja vegna 122 félagsmanna sinna, er störfuðu hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu og hefjast skyldi 2. janúar 1986 væri ólögmætt. Sératkvæði. ........ 122

Félag íslenskra flugumferðarstjóra boðaði til verkfalls. Fjármálaráðherra höfðaði þá mál til þess að fá verkfallið dæmt ólögmætt. Félagsdómur leit svo á, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og að félagsmönnum stefnda væri því óheimilt að gera verkfall. Var hið boðaða verkfall því dæmt ólögmætt. ........ 173

Stéttarfélag verkfræðinga boðaði til verkfalls, sem kom til framkvæmda 5. júní 1987. Þegar eigendur verkfræðistofunnar V komu til vinnu sinnar 9. júní s.á., var þeim meinaður aðgangur að vinnustað sínum. Félag ráðgjafarverkfræðinga höfðaði þá mál f.h. V gegn Stéttarfélagi verkfræðinga. Viðurkenndur var réttur V til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, stjórnarmenn og þá hluthafa, sem eru félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga, vinna verkfræðistörf í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Sératkvæði. ........ 182

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar, að leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram í viðkomandi stéttarfélagi um sjálfa boðunina. Félagsmönnum stéttarfélags, sem lög þessi taka til, er því óheimilt að framselja vald til verkfallsboðunar. Orðalag atkvæðaseðils bar með sér, að atkvæðagreiðsla, sem fram fór meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, var

ekki atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls. Var hið boðaða verkfall, sem hefjast átti 11. apríl 1988, því dæmt ólögmætt. Sératkvæði. ... 218
Í atkvæðagreiðslu um verkfall lýstu 464 þátttakendur af 986 sig samþykka verkfallsboðun eða 47,06 af hundraði þátttakenda. Skilyrði 15. gr. laga nr. 94/1986 um samþykki meirihluta til verkfallsboðunar var því ekki fullnægt. Þegar af þessari ástæðu var verkfall Hins íslenska kennarafélags í þjónustu ríkisins, sem boðað var og hefjast skyldi 13. apríl 1988, dæmt ólögmætt. ........................ 224
Verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var Í og VSÍ af Verkalýðsfélagi V þann 2. mars 1989, var dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags V við VSÍ frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og VSÍ. Verkalýðsfélagið var dæmt til að greiða sekt til ríkissjóðs kr. 25.000. Sératkvæði. ............... 269

*Verkfallsheimild.*

Dæmt var, að H, byggingarfulltrúa Selfosskaupstaðar, væri heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar hafði boðað hjá Selfosskaupstað 4. október 1984. Sératkvæði. ..... 52
BHMR höfðaði mál f.h. nokkurra stéttarfélaga og krafðist þess, að tilteknar stöður (starfsheiti) yrðu felldar út af skrá fjármálaráðherra yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“, sem birt var sem auglýsing nr. 54/1990 í B-deild stjórnartíðinda. Niðurstaða málsins var sú, að kröfu stefnanda varðandi deildarstjóra við Reiknistofnun Háskóla Íslands var vísað frá dómi. Af lista samkvæmt auglýsingu nr. 54/1990 skyldi fella niður tiltekin starfsheiti alls 23 að tölu. ........................................ 333
Með auglýsingu nr. 27/1992 í B-deild Stjórnartíðinda lét fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs birta skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem eigi hafa heimild til verkfalls, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. BHMR höfðaði mál f.h. nokkurra stéttarfélaga, sem voru í bandalaginu, og krafðist þess, að tilteknar „breytingar á starfsmönnum eða stöðum“ yrðu felld út af skránni. Fallist var á með stefnanda að fella niður tiltekin atriði á skránni. ........................................ 485
Með auglýsingu nr. 28/1992 í B-deild Stjórnartíðinda lét fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs birta skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem eigi hafa heimild til verkfalls. Fallist var á með BHMR f.h. nokkurra

stéttarfélaga, að fella bæri niður af skránni nokkur starfsheiti samkvæmt auglýsingunni. ........ 494

Í máli BHMR f.h. nokkurra stéttarfélaga á hendur Reykjavíkurborg og nokkrum þjónustu- og atvinnufyrirtækjum hennar var á það fallist með stefnanda, að engar „skrár um þá starfsmenn Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eru í gildi.“ Sératkvæði. ........ 506

*Verkfræðingar.*

Sjá verkfall. ........ 182

*Verslunarmenn.*

Í kjarasamningi verslunarmanna var sérstök bókun um vinnutíma afgreiðslusfólks, sem vinna a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku. Dæmt var, að framangreind bókun veitti hlutaðeigandi starfsfólki í verslun H „rétt til að hefja vinnu kl. 9.00 að morgni að undangenginni uppsögn þess á gildandi fyrirkomulagi um vinnutíma.“ ........ 320

*Vélstjórar.*

Forgangréttarákvæði í kjarasamningi tóku til „allra starfa, sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun.“ Vélstjórar töldu, að það væri brot á forgangsréttarákvæði kjarasamningsins, þegar tæknifræðingur var ráðinn til starfa í nýrri stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík. Dæmt var, að umrætt starf væri ekki hefðbundið vélfræðingastarf, sem forgangsréttarákvæði kjarasamningsins tók til. Var sýknukrafa Landsvirkjunar því tekin til greina. ........ 300

*Yfirborganir.*

Ágreiningur var um skilning á grein 2.7. í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins. Dæmt var, að grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi aðila tæki til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gilti ekki um yfirborganir. ........ 398

*Yfirvinnubann.*

Dæmt var, að yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og VSÍ og hófst 19. maí 1986, væri ólög-

mæt vinnustöðvun, sem bryti í bága við kjarasamning, bráðabirgðalög nr. 28/1986 og II. kafla laga nr. 80/1938. ...................... 144

*Yfirvinnuskylda.*

Starfsmenn Akureyrarbæjar töldu sér hvorki skylt að vinna yfirvinnu samkvæmt kjarasamningi né 31. gr. laga nr. 38/1954. Dæmt var, að um yfirvinnu starfsmanna bæjarins skyldi fara eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954. Sératkvæði. ................................................ 280

**Leiðréttingar við Dóma Félagsdóms 1984–1992**
**IX. bindi**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bls. | 19 | 10. l. a. n. | 58/1963, les 53/1963 |
| - | 71 | 13. l. a. o. | 19/1976, les 29/1976 |
| - | 95 | 13. l. a. n. | Verkfall, les Verkbann |
| - | 142 | l. l. a. o. | varskipum, les varðskipum |
| - | 155 | 13. l. a. n. | 18/1986, les 28/1986 |
| - | 158 | 15. l. a. o. | 25/1976, les 25/1967 |
| - | 158 | 10. l. a. n. | 25/1976, les 25/1967 |
| - | 160 | 19. l. a. o. | 2/1986, les 28/1986 |
| - | 162 | 6. l. a. n. | Vantar stykkorðið: Kjarasamningur. |
| - | 166 | 13. l. a. n. | 6.5.2, les 6.2.5. |
| - | 231 | 12. l. a. o. | Vantar stykkorðið: Sératkvæði. |
| - | 282 | 3. l. a. o. | 4. gr., les 4. mgr. |
| - | 287 | 7. l. a. o. | Vantar stykkorðið: Dómsvald Félagsdóms. |
| - | 345 | 17. l. a. o. | 96/1986, les 94/1986 |
| - | 356 | 11. l. a. n. | 50/1983, les 59/1983 |
| - | 392 | 9. l. a. o. | Vantar stykkorðið: Dómsvald Félagsdóms. |
| - | 394 | 1. l. a. o. | 24/1987, les 24/1986 og 21/1987 |
| - | 398 | 8. l. a. o. | Yfirvinnukaup, les Yfirborganir |
| - | 506 | 14. l. a. n. | Vantar stykkorðið: Sératkvæði. |
| - | 533 | 12. l. a. n. | 38/1951, les 38/1954 |
| - | 534 | 15. l. a. o. | 55/1988, les 57/1988 |
| - | 567 | 15. l. a. o. | Vantar stykkorðið: Frávísunarkröfu hafnað. |